

Alþingi
Erindi nr. P 128/238
komudagur 21.11.2002



Félagsþjónusta
Kópavogs


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

21.11.2002.

Varðar tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Þingsályktunartillagan er um margt athyglisverð, en snertir um leið afar flókinn vettvang þar sem erfitt er að hafa yfirsýn. Út frá aðstoð Félagsþjónustunnar má sjá að þeim fjölgar stöðugt sem þurfa á aðstoð sveitarfélagsins að halda sér til framfærslu. Stefnir nú í að þessi aðstoð verði 50% meiri en á sl. ári. Þar ræður m.a. lágur tekjur ófaglærðra og lágur bætur almannatrygginga. Þetta er áhyggjuefni, annars vegar þar sem lágur tekjur hafa víðtæk áhrif á sjálfsmat einstaklinga og kemur niður á heilsu þeirra, og aðstandenda þar sem það á við og hins vegar að margir hverjir sem lifa á mörkum þess mögulega láta ekki til sín heyra, eða sækja aðstoð til t.d. félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjóðfélagsbreytingar sem fela í sér harðara samfélag og breyttan hegðun gerir einnig að verkum að þeir hópar sem eiga í vandræðum breytast. Meira er um ungt fólk í dag, en áður sem á við verulega fjárhagslega erfiðleika að etja, t.d. sökum neyslu eiturlyfja. Líklegt er að þessi hópur eigi eftir að stækka verulega. Almennt vill Félagsþjónustan taka undir með flutningsmönnum um nauðsyn þess að fólk sem hefur sér til framfærslu tekjur frá skattleysismörkum að lágmarkslaunum greiði ekki skatta eða njóti endurgreiðslna. Félagsþjónustan vill enn fremur leggja sérstaka áherslu á þá ósanngirni sem í því felst að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í flestum tilvikum er um mjög lágur fjárhæðir að ræða sem ætlaðar eru til að mæta einstökum útgjaldaliðum, eða til framfærslu í stuttan tíma. Ekki er um launagreiðslur að ræða, heldur neyðaraðstoð.

Virðingarfyllst,


Aðalsteinn Sigfússon,
félagsmálastjóri Kópavogs